

## Umframmjólk – mjólkurflutningar – tryggingar

### 35 kr fyrir umframmjólkina

Sjórn Mjólkursamsölnnar hefur tekið ákvörðun um að verð á umframmjólki hækki úr 27 kr/l í 35 kr/l eða um 8 kr/l. Þetta verð gildir út verðlagsárið en verður endurskoðað þann 1. apríl og 1. júlí næstkomandi og hækkað ef ástæða er til.

Verð þetta endurspeglar útflutningsverð okkar þegar við flytjum út skyr og smjör að frádregnum breytilegum kostnaði. Það er mikilvægt að iðnaðurinn og framleiðendur taki höndum saman og vinni skipulega að því að byggja upp útflutningsmarkað fyrir íslenskar mjólkurafurðir. Eðlilegt markmið væri að byggja upp útflutningsmarkað fyrir um 15 milljónir lítra af mjólki á næstu árum.

Útflutningur mjólkurafurða á árinu 2007 gekk ágætlega, en væntingar okkar í byrjun árs voru um meiri útflutning á skyri. Sala á skyri á Boston og New York svæðið hófst í mars 2007, en það hefur tekið lengri tíma að byggja upp þann markað en við áætluðum. Eftirfarandi tafla sýnir magn útfluttra mjólkurafurða á árinu 2007:

	Smjör kg	Skyr kg	Höfðingi kg	Dímon kg	Duft kg	Samtals kg
Janúar	25.000	6.265	207	280		31.652
Febrúar	54.541	5.344	144	190		60.219
Mars	88.584	21.129	252	310		110.275
Apríl	0	15.722	162	170		16.054
Maí	0	11.688	81	120		11.889
Júní	51.443	9.665	216	280		61.604
Júlí	0	12.254	72	110		12.436
Ágúst	193.000	10.809	99	120		204.028
September	137.715	10.476	180	240	150.000	298.071
Október	75.000	14.691	171	210		90.072
Nóvember	37.125	9.052	99	190		46.466
Desember	0	10.542	72	190	50.000	60.804
Samtals	661.868	137.537	1.755	2.410	200.000	1.003.570

### Mjólkurflutningar – óbreytt verð

Búið er að taka ákvörðun um að gjaldtaka fyrir mjólkurflutninga verði 2,05 kr/l og er gert ráð fyrir að verðið verði endurskoðað fyrir 1. júlí næstkomandi. Það er stefna Auðhumla að taka yfir kostnað vegna mjólkurflutninga eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Raunkostnaður mjólkurflutninga á árinu 2007 er áætlaður 2,89 kr/l þannig að niðurgreiðslan á síðasta ári nam 79 aorum á lítra eða samtals 90 milljónir króna. Við gerum ráð fyrir að niðurgreiðslan á þessu ári verði að lágmarki 88 aurar sem svarar þá til 103 milljóna króna niðurgreiðslu og hækkar þannig um 13 milljónir króna á milli ára. Niðurgreiðsla á mjólkurflutningum er auðvitað ekkert annað en arðgreiðsla til félagsmanna Auðhumla.

### Rekstrarstöðvunartrygging

Auðhumla hefur átt í viðræðum við Sjóvá undanfarið um rekstrarstöðvunartryggingu sem tæki til rekstrarstöðvunar vegna bruna eða óveðurs. Hér er um ákveðið þróunarverkefni að ræða þar sem Auð-

humla myndi greiða rekstrarstöðvunartrygginguna fyrir félagsmenn sína. Þeir sem þegar hafa rekstrarstöðvunartryggingu hafa þá val um að halda áfram hjá sínu tryggingarfélagi eða nýta sér þessa þjónustu Auðhumla. Við höfum verið minnt óþyrmilega á það á undanförunum misserum að slysin gera ekki boð á undan sér og því er hér um mikið hagsmunamál að ræða fyrir félagsmenn Auðhumla. Með því að ganga frá tryggingunum í gegnum Auðhumla fáum við mjög hagstæð iðgjöld og auk þess er gert ráð fyrir að bændur hafi aðgang að forvarnarfulltrúum Sjóvár ef framundan eru breytingar eða nýbyggingar. Við erum að ganga frá samkomulagi við Sjóvá um þessi mál og er horft til þriggja ára samkomulags en gert ráð fyrir að þegar því lýkur verði tryggingarnar boðnar út. Þá er stefnt að því að bæta við fleiri atriðum en bruna og óveðri á samningstímanum eftir því sem hagkvæmt þykir. Síðar í mánuðinum munum við senda ítarlegar upplýsingar um þessar tryggingar þegar búið verður að ganga frá öllum endum samkomulagsins. Þess má geta að tryggingin hefur þegar tekið gildi og ef nýir félagsmenn koma í raðir okkar þá tekur þessi trygging gildi strax við fyrsta innlegg.

### Aðalfundur og deildafundir

Stefnt er að því að aðalfundur Auðhumla vegna ársins 2007 verði haldinn á Vesturlandi föstudaginn 11. apríl 2008. Þá er gert ráð fyrir að deildafundir hefjist í lok febrúar og verður stefnt að því að halda um 4-5 deildafundi á viku og að þeim ljúki í byrjun apríl.

Með bestu kveðju,  
Guðbrandur Sigurðsson

## MS Blönduósi

Hjá MS Blönduósi hefur verið einn mjólkursöfnunarbíll í notkun frá miðju ári 2000, sem er með 14.000 ltr. tank. Bílnum er ekið um 70.000 km á ári. Mjólkursöfnunarsvæðið er frá vestanverðum Skaga að Vatnsskarði í austri og að Gljúfurá í suðri. Það er öll Austur-Húnavatnssýsla að undanskildum einum bæ á Vatnsskarði, Vatnshlíð, en þegar framleidd var mjólk þar, var mjólkinn lögð inn á Sauðárkróki. Þetta svæði hefur verið óbreytt frá stofnun samlagsins á Hvammstanga 1959, en fyrir stofnun þess var lögð inn mjólk á Blönduósi úr Vestur-Húnavatnssýslu og Ströndum. Öll mjólk úr Húnaþingi vestra og Ströndum er í dag lögð inn hjá MS Búðardal. Mjólkurframleiðendur hjá MS Blönduósi eru 31, og innvegin mjólk er um 4,0 milljónir lítra á ári.

Mjólk er safnað af öllu svæðinu annan hvern dag. Svæðið samanstendur (m.a. með gömlum hreppheitum) af Skagahreppi að Tjörn, Vindhælishreppi, Engihlíðarhreppi, Langadal, Svartárdal, Blöndudal, Svínavatnshreppi, Vatnsdal, Þingi og Torfalækjarhreppi.



Jakob Svavarsson, gamalreynður bílstjóri keyrir mjólkurbílinn á Blönduósi

### Gott að muna

- Kynnið ykkur hver er þjónustuaðili ykkar varðandi mjaltabúnað
- Biðjið þjónustuaðilann um að gefa upplýsingar um neyðarnúmer v/bilana
- Framleiðendabjónusta SAM svarar alltaf í síma 852-5508

### Samanburður á líftölu árin 2007 og 2006 hjá innleggjendum MS.



### Samanburður á frumutölu árin 2007 og 2006 hjá innleggjendum MS.



## Nettengingar

Hjá Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins eru 70,6% bænda sem fá sendar niðurstöður á eigið netfang. Þessi tenging gerir það að verkum að niðurstöður úr rannsökuðum sýnum þ.e., tanksýnum og kýrsýnum, berast um hæl til viðkomandi mjólkurframleiðenda. Þátttakan er misjöfn eftir svæðum. Flestir eru með netfangið sitt skráð hjá RM á svæði MS Akureyri eða 95,8%. Eithvað fer þetta eftir möguleikum og flutningsgetu í kerfinu, en þó er augljóst að fjölmargir nýta sér ekki

þennan valkost. Þeir sem vilja nýta sér þessa þjónustu, geta sent tölvupóst til gj@sam.is, eða haft samband við RM, í síma 569-1682.

Hjá Tölvudeild MS liggja fyrir upplýsingar um að 71,1% af mjólkurframleiðendum MS eru með aðgangsröð að aðgangsstýrða Bændavefnum á [www.audhumla.is](http://www.audhumla.is) og því aðgengi að upplýsingum um eigin framleiðslu og gæðaupplýsingum. Hægt er að sækja um aðgang á: [skraning@audhumla.is](mailto:skraning@audhumla.is)

## Bændakynning

### Nafn:

Björn Harðarson 48 ára.

### Bú:

Holt í Flóa, við erum innleggjendur hjá MS Selfossi.

### Heimilishagrir:

Maki Elín María Karlsdóttir og við eigum 5 börn saman, fjóra syni, eina dóttur og eina dótturdóttur.

### Búskapur:

Kúabúskapur, 327.000 l kvóti, flestir naukálfar settir á og nokkur hross.

### Hvenær hófstu búskap:

Árið 1996.

### Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap:

Mikil stækkun búa, verðhækkun á kvóta og landi.

Í okkar búi, breyting úr básafjösi í lausagöngu, allar rúllur gefnar heilar,

meiri afköst í heyskap með góðri fastkjarna rúlluvél og öðrum tækjum í samræmi við það, aukning kvóta um 100.000 l.

### Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag:

Það verður æ verðmætara að geta framleitt mjólk og kjöt úr grasi og öðru heimaöfluðu fóðri, með þá góðu ímynd sem íslenskur landbúnaður hefur á bak við sig.

### Hvar kreppir skóinn í búskapnum:

Hátt jarðaverð og miklar skuldir er vaxandi ógn, við bætist mikil hækkun á áburði og kjaranfóðri, einnig eykst hættan á nýjum sjúkdómum með útlendu vinnuafli og innflutningi á notuðum tækjum.

### Framtíðaráform þín:

Erum núna að endurnýja tækjabúnaðinn í mjaltabás, sluppum við mjaltabjónaveiruna, ætlum að vera dugleg við ræktun og hækka meðalnytina og jafnvel stækka búið ef vel gengur.



### Góð ráð til MS og Auðhumlu:

Sameiningin hefur gengið vel, þó allt af séu skiptar skoðanir, og skiljanlegur órói í starfsfólki í hinum ólíku starfsstöðvum.

Stjórn og stjórnendur þurfa að passa sig að einangrast ekki í sínum fílabeymsturni, þar leikur fulltrúaráðið mikilvægt hlutverk, að halda sambandi við grasrótina.

## Guðlaugur Björgvinsson breytti til um áramótin

Um áramótin urðu nokkrar breytingar hjá Guðlaugi Björgvinssyni fyrrverandi forstjóra Mjólkursamsölunnar og núverandi framkvæmdastjóra Auðhumlu. Guðlaugur lét af störfum sem framkvæmdastjóri en mun taka að sér ýmis sérverkefni fyrir stjórn og yfirstjórn Auðhumlu. Þess má geta að hann hefur að undanförunu m.a. unnið að gerð 70 ára afmælisrits Mjólkursamsölunnar. Guðlaugur á langan og glæsilegan starfsferil að baki hjá félaginu. Hann hóf störf hjá Mjólkursamsölnni árið 1973 og varð forstjóri hennar árið 1979. Mjólkursamsalan óx og dafnaði undir forystu Guðlaugs og stýrði hann félaginu í gegnum miklar breytingar og má þar nefna sölu mjólkurbúðanna og uppbyggingu á starfsstöð félagsins að

Bitruhálsi 1. Sem forstjóri hóf Guðlaugur þegar uppbyggingarstarf á ímynd félagsins sem hefur staðið yfir allt fram til dagsins í dag. Honum var einnig ljós nauðsyn þess að efla sölu- og markaðshugsun innan félagsins. Það leiddi svo til öflugrar vöruþróunar sem hann var sjálfur þátttakandi í og hvatamaður að. Allir þessir þættir hafa verið mikilvægir og afgerandi hvað varðar þann árangur sem Mjólkursamsalan hefur náð. Síðustu árin var Guðlaugur einn helsti hvatamaður sameiningar innan mjólkuriðnaðarins og vann ötullga að henni þar til hann lauk störfum sem forstjóri. Samstarfsmenn Guðlaugs hafa ávallt fengið svigrúm til frumkvæðis og mikla hvatningu frá honum til góðra verka en það var hans stjórnunarstíll. Kaffisam-



sæti var haldið Guðlaugi til heiðurs 27. desember sl. í matsalnum að Bitruhálsi 1, þar sem honum voru þökkúð góð og farsæl störf. Guðlaugi er óskað velfarnaðar í nýjum störfum fyrir Auðhumlu.

## Sveitapósturinn, breytingar í ritstjórn

Ég vil þakka fyrir gott samstarf á vegum Sveitapóstsins, en hann var settur á laggirnar af Guðbrandi Sigurðssyni, þá nýráðnum forstjóra, um mitt ár 2005. Hugmynd hans var að auka upplýsingaflæði til félagsmanna, það hefur tekist og aukið tengslin milli þeirra sem koma að mjólkuriðnaðinum og mjólkurframleiðslunni á einn eða annan hátt.

Þakka fyrir mig, bestu kveðjur Páll S.

Sigrún Halldórsdóttir, tekur nú við ritstjórn Sveitapóstsins af Páli Svavarssyni sem hefur ritstýrt Sveitapóstinum frá upphafi. Hún mun ritstýra honum ásamt vefsíðu Auðhumlu, [www.audhumla.is](http://www.audhumla.is), auk ritara starfa og annarra verkefna. Sigrún er gamalreind í mjólkuriðnaðinum, starfaði í 21 ár hjá Mjólkursamlaginu í Búðardal, síðan sem ritari forstjóra ásamt öðru sl. 4 ár. Hún er meinataækir að mennt og er með BA í íslensku frá Háskóla Íslands.

## Aðgangur að Auðhumluvef Ert þú ekki tengd/ur?

Skoðaðu málið. Með einum músarsmelli ert þú komin/n á þínar síður með upplýsingum um innleggið, gæðamálin o.fl. o.fl.

### Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:  
Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:  
Sigrún Halldórsdóttir, [sigrunh@ms.is](mailto:sigrunh@ms.is)

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumlu og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

## Góð sala á mjólkurvörum á árinu 2007

Vöru- flokkar	Sala þús. 2006	Sala þús. 2007	Mism kr.	Mism %	Magn ltr/kg. 2006.	Magn ltr/kg. 2007.	Mism kr.	Mism %
1. Mjólkurvörur.	7.098.879	7.108.205	9.326	0,13%	50.380.819	50.712.295	331.476	0,66%
2. Osta- og smjörvörur.	4.441.046	4.714.109	273.063	6,15%	6.514.220	6.925.791	411.571	6,32%
<b>Samtals:</b>	<b>11.539.925</b>	<b>11.822.314</b>	<b>282.389</b>	<b>2,45%</b>	<b>56.895.039</b>	<b>57.638.086</b>	<b>743.047</b>	<b>1,31%</b>

Eins og meðfylgjandi tafla ber með sér var sala á mjólkurvörum ágæt á árinu 2007.

Þeir vöruflokkar sem komu best út í ferskvörum á árinu eru tilbúnir réttir með 7,4% magnaukningu, stoðvörur með 8,3% magnaukningu, iðnaðarhráefni með 14% magnaukningu, heilsuvörur með 12% magnaukningu. Það er gaman að sjá að kókómjólki vex um 6% í magni á árinu eða um 171 þús lítra þrátt fyrir innkomu Kappa frá Vífilfelli á markaðinn. Samdráttur í drykkjarmjólki er á svipuðu róli og undanfarin ár eða um 1,7% í magni.

Í stuttu máli má segja að allir vöruflokkar í ostum og smjörvörum hafi verið í góðri söluaukningu á árinu. Sala á smjöri jókst um 5,2% eða 29,5 tonn. Sala á ostum jókst um 6,8% eða 313,4 tonn. Sala á dufti jókst um 7,2% eða 29,9 tonn. Erlendir ostar aukast í sölu um 19% eða 8 tonn. Ostatertusala jókst um 16% í magni eða um 10,7 tonn.

Það er gott ár að baki í sölu og það ber að þakka öllum starfsmönnum fyrirtækisins hvar sem þeir eru að störfum.

## Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2007-2008

Landið september-des:	2007-2008	2006-2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	38.020.591	36.829.884	1.190.707	3,23%
Greiðslumark	117.000.000	116.000.000	1.000.000	0,86%
Nýting greiðslumarks	32,50%	31,75%		

Landið janúar-des:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	124.815.782	117.062.454	7.753.328	6,62%

## Yfirlit mælinga hjá MS í desember 2007

Tímabil	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala	Frumut.	MFM	Fjöldi
V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ										
1/12/07-4/12/07	4,03	3,38	2,67	0,70	7,40	-0.547	17	247	226	2.810

## Líftala í þúsundum hjá MS í desember 2007

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
87,54	95,16	99,50	0,07	0,32	0,11